

Vesturbyggð
b/t Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 27. ágúst 2019
UST201908-066/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 - Melanes við Rauðasand

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 9. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulag Vesturbyggðar 2006 – 2018 fyrir Melanes.


Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á það að breyta 5 ha landbúnaðarland í landi Melanes við Rauðasand í verslunar- og þjónustusvæði. Auk þess kemur fram að ástæða breytingarinnar er sú að gert er ráð fyrir uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu á fjórum lóðum vestan við bæjarstæðið þar sem reisa á gistihús og smáhýsi fyrir ferðamenn ásamt þjónustuhúsi.

Búsvæði sela

Umhverfisstofnun bendir á að á sandinum er selalátur sem nefnist Bæjarvaðall (<http://selalatur.ni.is/>) og selir eru skráðir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tillagan hafi ekki neikvæð áhrif á búsvæði selanna og að fjallað verði um það í breytingartillögunni hvernig verði séð til þess að framkvæmdir raski ekki búsvæði sela. Með skýrum umgengnisreglum um svæðið telur Umhverfisstofnun möguleika á að tillagan hafi ekki neikvæð áhrif á búsvæði selanna.

Verndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Bæjarvaðall og er númer 306 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst víðáttumikilli, rauðleitri skeljasandsfjöru og árlóni með fjölbreyttu dýralífi. Þar eru miklar sandmaðksleirur og bendir stofnunin á að sandmaðksleirur eru mjög mikilvægt fæðusvæði tjalds (*Haematopus ostralegus*) og sandlóu (*Charadrius hiaticula*). Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að umgengnisreglur séu skýrar fyrir svæðið til að tryggja vernd náttúru og lífríkis á svæðinu.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rákel Kristjánsdóttir
sérfræðingur